




Háskóli Íslands / Vísindagarðar – Breyting á deiliskipulagi - Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. nóvember 2022 var lögð fram fyrirspurn Háskóla Íslands, dags. 27. október 2022, ásamt bréfi ASK Arkitekta ehf., dags. 7. júní 2022, um breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands, Vísindagarða til að flýta fyrir uppbyggingu á svæðinu og einfalda. Lagt er til að lóðirnar nr. 1 og 3 við Ingunnargötu verði sameinaðar og að reist verði bygging sem að öllu leyti þjónar hagsmunum samfélagsfræða, nýsköpunar og háskóla.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Gildandi deiliskipulags staðfest þann 19.06.2019

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Samkvæmt landnotkun gildandi aðalskipulags er Miðsvæði (M5).

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag Vísindagarða (stækkað skipulagssvæði ásamt sameiningu lóða), staðfest 02.12.2016 í B-deild Stjórnartíðinda ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að breyta deiliskipulagi Vísindagarða vegna hugmynda um að sameina lóðir B og E við Ingunnargötu nr. 1 – 3. Samkvæmt greinargerð sem fylgdi erindinu er gert ráð fyrir að reist verði ein bygging nýsköpunar og fræðasamfélags á sameinaðri lóð, mögulega undir merkjum samfélagsfræða, nýsköpunar og háskóla, með yfirbyggðum göngum eða göngugötu (e. passage / arcade) líkt og í Grósku hugmyndahúsi og samfélagi nýsköpunar. Í greinargerð fyrirspyrjanda er undirstrikaður ríkur vilji og áhugi stjórnar Vísindagarða að ganga rösklega fram svo flýta megi og einfalda áframhaldandi uppbyggingu Vísindagarða á háskólasvæðinu.

Tilgangur breytinganna nú er að flýta uppbyggingu og byggja undir styrkan rekstur í þeim anda sem Vísindagarðar hafa að leiðarljósi. Ljóst er að fyrstu hugmyndir að notkun lóða Vísindagarða hafa breyst og þróast. Gert var ráð fyrir að lóð B myndi hýsa Menntavísindasvið háskólans sem mun flytja í fyrrum hótellbyggingu vestan Suðurgötu (Saga) sem ásamt Háskólabíói mun mögulega einnig verða hluti af sérstökum þjónustukjarna og miðstöð fyrirlestrasala háskólans sem lóð E átti m.a. að hýsa.

Í greinargerðinni er vísað er í vel heppnaða uppbyggingu samfélags nýsköpunar í hugmyndahúsinu Gróska sem gekk út á sameiningu lóða í einn byggingarreit þar sem skrifstofuaðstöðu, samkomurýmum og þjónustu var komið fyrir undir einu þaki og tengt saman með yfirbyggðri göngugötu.

Skipulagsfulltrúi hefur vissulega skilning á áhuga forgöngumanna Vísindagarða Háskóla Íslands að þróa áfram ramma og byggja undir frekari starfsemi innan garðanna. Og því er ekki að neita að upphaflegar hugmyndir og áætlanir hafi þróast og tekið breytingum. Segja má að Gróska hugmyndahús hafi að hluta tekið upp upphafleg markmið lóðar E sem aðaltorg og krossgötur hugmynda með iðandi mannlífi, líkamsræktarstöð og mathöll undir yfirbyggðri göngugötu. Engin vafi er á að rekstur þessa samfélags nýsköpunarfyrirtækja innan sameignlegra rýma hefur reynst vel. Á þessum grunni byggir fyrirspyrjandi erindið þar sem farið er fram á sameiningu lóðanna B og E, að:

- Þróuð verði forsögn fyrir byggingu sem uppfyllir þær kröfur sem Vísindagarðar, Gróska og Reykjavíkurborg gera. Þar sé sérstaklega hugað að skipulagslegum þáttum sem varða stærð byggingar, uppbot, tengingar við biðstöð Borgarlínu o.fl.
- Haldin verði samkeppni um hönnun byggingarinnar í samstarfi við Arkitektafélag Íslands, Vísindagarða og Grósku.
- Á grundvelli niðurstöðu samkeppni verði deiliskipulagi breytt.
- Gróska tekur að sér að byggja og reka bygginguna á sama hátt og nú við Bjarggötu 1.

Í ljósi þess að einnig var heimiluð sameining lóða A og D við við Sæmundargötu 15-19 (lyfjaþróunar-fyrirtæki Alvotech Iceland) hefur skipulagsfulltrúi uppi efasemdir og fyrirvara á að ganga enn frekar fram með sameiningu lóða en orðið er í þeirri viðleitni að halda eftir fíngerðara uppbroti reita sem lagt var upp með á reitnum.

Í breytingu sem þessari væri í öllu falli nauðsynlegt að fyrirspyrjandi ynni fyrst með arkitektum við að ávarpa helstu drætti og álitamál, t.a.m. hlutföll, formgerð húsa, afstöðu þeirra innbyrðis og rýmismyndun áður en opnað væri á að heimila sameiningu lóðanna. Inn í þá vinnu þyrfti einnig að taka til skoðunar aukningu á umferð vistvænna ferðamáta, þ.e. fótgangandi og hjólandi sem eru skv. gildandi aðalskipulagi framar í forgangi en umferð einkabíla sem er nú þegar mikil á vísindagarðareit og háskólasvæðinu. Skoða þyrfti bílastæðapörf og fyrirkomulag bílkjallara á lóðunum ef opnað yrði á endurskoðun deiliskipulagsins, t.a.m. mögulega samnýtingu við núverandi bílastæðakjallara í næsta nágrenni enda hillir undir að fyrsti fasi Borgarlínu – hágæðaalmenningsgangna verði lögð um háskólasvæðið, þ.á.m. Vísindagarða.

Að lokum er rétt að taka fram að vinna stendur yfir við gerð þróunaráætlunar fyrir háskólasvæðið í heild sinni. Gert er ráð fyrir að niðurstöður liggi fyrir við upphaf sumars og er rétt að doka við með allar stærri skipulagsbreytingar á svæðinu fram að útgáfu hennar.

Niðurstaða

- Ekki er fallist á lóðarsameiningu sbr. umsögn að ofan.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Ingvar Jón Bates Gíslason, arkitekt